

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitur í Kaldraneshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Kaldraneshrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu í Kaldraneshreppi og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Kaldraneshreppi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Kaldraneshrepps þann 28. október 2014.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús og parhús/raðhús	kr. 60.000	á hvert hús eða íbúð í parhúsi/raðhúsi
Fyrir fjölbýlishús	kr. 30.000	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	kr. 70	á hvern m <sup>3</sup> í húsnæðinu að 4.000 m <sup>3</sup>
	kr. 20	á hvern m <sup>3</sup> > 4.000 m <sup>3</sup>

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,22% af álagningarstofni á íbúðarhúsum og sumarhúsum þó aldrei lægra en kr. 16.000 né herra en kr. 26.000. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró < 4.000	16.000
Rotþró 4.001-6.000	20.000
Rotþró 6.001-8.000	24.000
Rotþró 8.001-10.000	35.000
Rotþró > 10.000	3.000 kr. pr. umfram rúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.000.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Kaldraneshrepps 22. október 2018 staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti- og mengunarnáttur nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi.

*Drangnesi, 17. janúar 2019.*

F.h. Kaldraneshrepps,

**Jenný Jensdóttir** skrifstofustjóri.